

AUGLÝSING um deiliskipulag, Torfnes, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 19. janúar 2012 var samþykkt deiliskipulagsbreyting vegna svæðisins „Torfnes“, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur til 6 ha svæðis á reit sem nær frá íþróttahúsínu á Torfnesi að hringtorgi við Hafnarstræti og Skutulsfjarðarbraut. Milli fjórðungssjúkrahússins og hringtorgsins bætist við ný lóð, en lóðir nr. 1 og 8 skv. fyrra skipulagi falla út og verða hluti af bæjarlandinu. Lóðir 4 og 5 annars vegar og 2 og 3 hins vegar eru sameinaðar. Lóðir innan skipulagssvæðisins verða því fimm í stað átta.

Lóð fjórðungssjúkrahússins minnkar til að rýmka fyrir hjúkrunarheimili á nýrri lóð fyrir neðan. Á lóð A er heimilt að reisa allt að 4.934 m² hús fyrir hjúkrunarheimili, ásamt tengdri þjónustustarfsemi, með tengibyggingu við sjúkrahúsið á lóð B. Byggingar skulu vera á einni hæð, nema norðan við fjórðungssjúkrahúsið þar sem heimilt er að reisa byggingu á tveimur hæðum.

Skipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 14. júlí 1997.

Ísafirði, 24. apríl 2012.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2012